

Mánudaginn 27. maí 1963.

Nr. 119/1962. **Sigurður Eiríksson**

(Jóhannes Lárusson hdl.)

gegn

bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs

(Friðrik Magnússon hrl.).

og bæjarfógetanum á Akureyri (enginn).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramarnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Ágreiningur um starfskjör lögreglumanns. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1962. Eru dómkröfur hans þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að áfrýjanda beri aðeins að vinna 44 klst. á viku hverri að lögreglustörfum og að með þeirri vinnu sé fullnægt þeirri vinnuskyldu hans, sem honum beri föst laun fyrir.

2. *Aðallega* að stefnda bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Akureyrar verði dæmt að greiða kr. 36.110.40 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1961 til greiðsludags; *til vara*, að dæmt verði, að hann eigi rétt á leyfi frá störfum með fullum launum jafnlangan tíma og samsvari 4 klst. á vinnuviku tímabilið 1. nóvember 1957 til 31. október 1961, þ. e. 751 klst.

Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi bæjarfógetinn á Akureyri hefur hvorki sótt þing í héraði né fyrir Hæstarétti, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefur verið flutt munnlega hér fyrir dómi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 47. gr. laga nr. 57/1962.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

1. Áfrýjandi var skipaður lögregluþjónn á Akureyri frá

og með 15. apríl 1950, og fór um kaup hans og kjör eftir samþykktum, sem þá giltu um slíka starfsmenn bæjarins. Viðurkennt er, að vinnuvika lögregluþjóna á Akureyri hafi þá og síðan numið 48 klst. Samkvæmt 5. gr. launasamþykktar fyrir fasta starfsmenn Akureyrarkaupstaðar frá 3. febrúar 1953 var svo kveðið á, að lögregluþjónar þar skyldu hafa „sama kaup og kjör, sem þeir hafa nú, en breytast á hverjum tíma í samræmi við kaup og kjör starfsbræðra þeirra, sem taka laun sín hjá Reykjavíkurbæ“. Samhljóða ákvæði er í 5. gr. samþykktar um þetta efni frá 3. júlí 1956.

Í reglugerðum um starfskjör lögreglumanna í Reykjavík er og hefur lengi verið kveðið á um 48 klst. vinnuviku. Eins og rakið er í héraðsdómi, hefur hins vegar sá háttur verið á hafður í Reykjavík frá því á árinu 1948, að tiltekinn fjöldi lögreglumanna, sem er á næturverði, fær aðra hverja nótt til skiptis leyfi til stytts varðtíma og með sama hætti þeir lögreglumenn, sem eiga að vera á verði árla morguns. Hefur þetta leitt til þess, að vinnuvika hvers lögreglumanns í Reykjavík hefur nefnt tímabil stytzt um 4 klst.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn, er sýna, á hverju þessi háttur um styttna starfstíma lögreglumanna í Reykjavík er reistur. Með bréfi dómsmálaráðherra 16. júní 1948 var lögreglustjóranum í Reykjavík veitt „heimild til að gefa tilteknum fjölda lögreglumanna frí á síðari hluta næturvaktar“, þegar hann teldi, „að löggæzlan í bænum rýrist eigi um of við það, enda haldist vinnuskylda lögregluþjónanna hin sama og áður, ef á þarf að halda“. Bæjarráð og bæjarstjórn Reykjavíkur samþykktu því næst að sínu leyti í júní og júlí 1948 tilgreinda breytingu á vinnutíma lögreglumanna í Reykjavík, að því er miða verður við með sömu skilyrðum og greinir í bréfi dómsmálaráðherra.

Stefndi bæjarfógeti Akureyrar hefur eigi, þrátt fyrir til-mæli lögreglumanna þar, talið sér fært að taka upp þessa starfstílhögun af ástæðum, sem greindar eru í héraðsdómi.

Ljóst er af því, sem rakið hefur verið, að sá háttur um styttna vinnutíma lögreglumanna í Reykjavík, er viðgengizt

hefur um árabíl, helgast af því mati lögreglustjórans þar, að slíkt sé réttlætanlegt eftir aðstæðum í Reykjavík, en óhaggað hefur samt staðið og stendur enn ákvæði kjarasamþykktta um skyldu lögreglumanna þar til 48 klst. vinnuviku, „ef á þarf að halda“. Að svo vöxnu máli og þar sem aðstæðum í Reykjavík og á Akureyri er ólíkt háttað í þessum efnum, telst framangreind breyting á starfstíma lögreglumanna í Reykjavík ekki vera þess eðlis, að stefndu verði með dómi skyldaðir til að taka hana upp. Ber því að sýkna stefndu af fyrri lið dómkrafna áfrýjanda.

2. Kröfur áfrýjanda samkvæmt 2. lið — aðal- og varakrafa — verða að skoðast sem skaðabótakröfur.

Þótt áfrýjandi hafi orðið af hlunnindum, sem lögreglumenn í Reykjavík hafa notið um tíma, verður ekki talið með vísan til þess, er greinir í 1 að framan, að stefndi bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar hafi vanefnt framangreind ákvæði launasamþykktta fyrir fasta starfsmenn Akureyrarkaupstaðar með þeim hætti, að fullnægt sé skilyrðum til að leggja á hann skaðabótaskyldu af því efni. Er þess og að geta, að viðurkennt er, að lögreglumenn í Reykjavík fá aldrei framangreind leyfi sín bætt fé. Aðalkrafa áfrýjanda samkvæmt þessum lið verður því ekki tekin til greina og þá ekki heldur varakrafa hans um sama efni.

Úrslit málsins verða því þau, að staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sýknu stefndu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs og bæjarfógetinn á Akureyri, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Sigurðar Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og
Jónatans Hallvarðssonar.

Afrýjandi var ráðinn lögreglumaður á Akureyri hinn 2. marz 1950 frá og með 15. apríl s. á. Hinn 3. febrúar 1953 var gerð launasamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað. Segir þar í 5. gr., að „yfirlögregluþjónn, varðstjóri og lögregluþjónn hafi sama kaup og kjör, sem þeir hafa nú, en breytist á hverjum tíma í samræmi við kaup og kjör starfsbræðra þeirra, sem taka laun sín hjá Reykjavíkurbæ“. Með 5. gr. launasamþykktar Akureyrarbæjar frá 3. júlí 1956 var enn kveðið svo á, „að yfirlögregluþjónn, varðstjóri, lögregluþjónar, varaslökkviliðsstjóri og brunaverðir hafi sama kaup og kjör, sem þeir hafa nú, en breytist á hverjum tíma í samræmi við kaup og kjör starfsbræðra þeirra, sem taka laun sín hjá Reykjavíkurbæ“. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar frá 7. marz 1957 er vikulegur vinnutími ýmissa starfsmanna, þ. á m. lögreglumanna, 48 klukkustundir. Með bréfi, dags. 16. júní 1948, veitti dómismálaráðherra fyrir sitt leyti lögreglustjóranum í Reykjavík heimild til að gefa tilteknum fjölda lögreglumanna frí á síðari hluta næturvaktar, þegar lögreglustjóri telur, að löggæzlan í bænum rýrist eigi um of við það, enda haldist vinnuskylda lögreglumanna hin sama og áður, ef á þarf að halda. Bæjarráð féllst hinn 18. júní 1948 á „breytingar þær, sem um getur“ í bréfi dómismálaráðherra. Sama gerði bæjarstjórn Reykjavíkur hinn 2. júlí 1948. Samkvæmt bréfi Lögreglufélags Reykjavíkur, dags. 28. nóvember 1961, varð það síðan að samkomulagi milli lögreglustjórans í Reykjavík og Lögreglufélags Reykjavíkur, að fyrst um sinn yrði gefið frí frá 03.00 aðra hverja nótt vissri tölu vakthafandi lögreglumanna og að viss tala lögreglumanna þyrfti ekki að mæta á morgunvakt fyrr en kl. 0.7 í stað 0.6. Hefur þetta haldizt síðan. Áskilið var, að ef viðkomandi lögreglumenn gætu ekki fengið umrætt frí sökum anna, komi ekki kaupgreiðsla í staðinn.

Þá sjaldan það hefur komið fyrir, að þessi frí hafi þurft

að falla niður, hefur það verið látið óátalið, að varðstjórnir gæfu viðkomandi jafnlangt fri í staðinn við hentugt tækifæri.

Vinnutími lögreglumanna í Reykjavík er nú 44 klst.“

Telja verður, að regla sú, sem felst í bréfi dómsmálaráðherra 16. júní 1948, staðfest var í bæjarráði Reykjavíkur hinn 18. júní s. á. og bæjarstjórn Reykjavíkur hinn 2. júlí s. á., sé stjórnskipulega gild.

Samkvæmt 5. gr. nefndar launasamþykktar fyrir Akureyrarbæ frá 3. júlí 1956 ber að veita áfrýjanda sama kaup og kjör sem starfsbræðrum hans, er laun taka hjá Reykjavíkurbæ. Þetta ákvæði hefur verið brotið, með því að vinnuvika lögreglumanna í Reykjavík hefur um fimmtán ára skeið verið í framkvæmd 44 klukkustundir, en vinnuvika áfrýjanda 48 klukkustundir, frá því hann tók til starfa. En með því að samkomulag lögreglustjórans í Reykjavík og Lögreglufélags Reykjavíkur er uppsegjanlegt af hendi lögreglustjóra, verður áfrýjanda eigi dæmdur réttur til 44 stunda vinnuviku fram í tímann. Ber því að sýkna stefndu af þeirri kröfu hans.

Hins vegar verður hlutur áfrýjanda fyrir borð borinn, sé honum eigi bætt það fé, að vinnuvika hans hefur verið 48 klukkustundir, en vinnuvika lögreglumanna í Reykjavík, sem hann á samkvæmt 5. gr. launasamþykktar Akureyrarkaupstaðar að setjast á bekk með, 44 klukkustundir í reynd árum saman.

Inntak samkomulags lögreglustjórans í Reykjavík og Lögreglufélags Reykjavíkur, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur skuldbundið sig til að hlíta, er það, að lögreglumenn eiga almennt, meðan samkomulagið gildir, rétt til, að vinnuvika þeirra sé eigi lengri en 44 stundir, þótt þeir séu skyldir að vinna í annatilvikum 48 stundir á viku án sérstaks kaups. Með sama hætti mátti leggja á áfrýjanda vinnu allt að 48 klukkustundum, er sérstakar annir voru, en annars eigi að staðaldri yfir 44 klukkustundir nema gegn bótum. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda bæjarstjóra Akureyrarbæjar f. h. bæjarsjóðs til að greiða áfrýj-

anda fébætur fyrir aukið starf á tímabili því, sem um er að tefla. og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 16.000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Rétt er, að stefndi bæjarstjóri Akureyrar f. h. bæjarsjóðs greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarfógetinn á Akureyri, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigurðar Eiríkssonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður niður, að því er hann varðar.

Stefndi bæjarstjóri Akureyrarbæjar f. h. bæjarsjóðs greiði áfrýjanda, Sigurði Eiríkssyni, kr. 16.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1961 til greiðsludags og kr. 12.000.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. ágúst 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 9. ágúst s.l., höfðaði Sigurður Eiríksson lögregluþjónn, Helgamagrastræti 51, hér í bæ, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. október 1961, gegn bæjarsjóði Akureyrar og bæjarfógetanum á Akureyri til viðurkenningar á lengd vinnuviku og vinnulaunum.

Í stefnu sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

- 1) Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til 44 klst. vinnuviku.
- 2) Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til greiðslu úr hendi stefnda á meintri yfirvinnu af áðurgreindum ástæðum frá og með 1. nóvember 1957 að telja og skuli hún greidd með því tímakaupi, sem á hverjum tíma gildi, að viðbættu 50% álagi. Að svo stöddu er krafizt 38.000.00 króna greiðslu frá 1. nóvember 1957 til 1. nóvember 1961, að viðbættum hæstu lögleyfðu vöxtum af greiðslum þessum frá gjalldaga hverrar einstakrar til greiðsludags.
- 3) Verði krafa samkvæmt 2. tölulið hér á undan ekki tekin til greina, er þess krafizt, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að fá frí frá störfum á fullum launum jafnlangan tíma og yfirvinnunni nemur samkvæmt næsta lið

hér á undan eða sem svarar 4 klst. fyrir hverja vinnuviku frá 1. nóvember 1957.

Í réttarhaldi 6. júlí s.l. ákvað stefnandi kröfu sína undir lið 2 kr. 36.110.48, sbr. dskj. nr. 16.

Stefnandi beinir framangreindum kröfum að stefnda, bæjarsjóði Akureyrar, en á hendur bæjarfógetanum á Akureyri beinir hann kröfum undir liðum 1 og 3 hér að framan.

Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað sér til handa.

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi hans. Til vara krefst hann stórlegrar lækkunar á stefnukröfunni að mati dómara.

Stefndi, bæjarfógetinn á Akureyri, hefur hvorki sótt sjálfur þing né látið sækja þing í máli þessu, og er það því skriflega flutt, að því er hann varðar.

Með úrskurði, uppkveðnum 30. okt. 1961, vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu, og með bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 30. nóv. 1961, var Ragnar Steinbergsson hdl., Akureyri, skipaður setudómari í málinu.

Málavextir kveður stefnandi vera þá, að hann hafi um mörg s.l. ár starfað sem fastráðinn lögregluþjónn hjá Akureyrarbæ. Vikulegan vinnutíma sinn kveður hann hafa verið ákveðinn 48 klst. af hinum stefndu í málinu. Í 5. gr. launasamþykktar Akureyrarkaupstaðar frá 3. júní 1956 kveður hann vera það ákvæði, að lögregluþjónar „hafi sama kaup og kjör, sem þeir hafa nú, en breytist á hverjum tíma í samræmi við kaup og kjör starfsbræðra þeirra, sem taka laun sín hjá Reykjavíkurbæ.“ Telur stefnandi, að ekki sé vafi á því, að „kjör“ samkvæmt 5. gr. launasamþykktarinnar taki til lengdar vinnutímans. Jafnframt telur hann sig hafa heimildir fyrir því, að vikulegur vinnutími lögregluþjóna hjá Reykjavíkurborg sé í reynd aðeins 44 klst. vinnuvika, eins og tíðkast í Reykjavík hjá lögregluþjónum, sem vinna vaktavinnu.

Stefnandi heldur því fram, að vinni lögregluþjónar í Reykjavík meira en 44 klst. á viku, fái þeir frí í staðinn jafnlangan tíma.

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, gerir þannig grein fyrir máli sínu:

Stefnandi gegnir starfi sem bæjarlögreglumaður á Akureyri. Hann sé opinber starfsmaður, sem sé ráðinn og settur í stöðuna samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 22 frá 1883 um bæjarstjórn á Akureyri. Samkvæmt því taki hann laun eftir gildandi

launasamþykkt Akureyrarkaupstaðar, sem sett er af þar til bæru stjórnvaldi, þ. e. bæjarstjórn Akureyrar. Fari því um kaup hans og kjör eftir 5. gr. launasamþykktarinnar, sbr. 8. gr. og 9. gr., sbr. einnig samþykktir Reykjavíkurbæjar um launakjör lögregluþjóna og vikulegan vinnutíma lögregluþjóna í Reykjavík. Samkvæmt þessu sé ákveðið, að vinnutími lögregluþjóna skuli vera 48 klst. á viku. Launaupphæð sé miðuð við þá vinnuskyldu á viku. Þá sé greitt 133% álag á vinnu, sem unnin er á næturvarðtíma. Kaupupphæð og álag sé miðuð við, að sú vinnuskylda sé innt af hendi.

Þá verði kjörum, sem ákveðin eru í lögum eða opinberum launasamþykktum, settum af réttum stjórnvöldum ríkis eða sveitarfélaga, ekki breytt að lögum af öðrum en því stjórnvaldi, sem þau mál bera undir að lögum. Kjörin séu þannig háð reglum opinbers réttar, en ekki einkamálaréttar. Telur bæjarstjórn Akureyrar, að samkvæmt launasamþykkt Reykjavíkur sé 48 klst. vinnuvika hjá lögregluþjónum í Reykjavík, og sé það rétt, að lögregluþjónar þar fái 4 klst. frí á viku, þá sé þar um framkvæmdaatriði að ræða hjá varðstjórum Reykjavíkur-lögreglunnar, sem fái ekki breytt ákvæðum reglugerðar Reykjavíkur um 48 klst. vinnuviku og skuldbindi á engan hátt bæjarstjórn Akureyrar til að taka upp þann sið. Bæjarstjórn Akureyrar sé óbundin af ráðstöfunum yfirmanna Reykjavíkurlögreglunnar, þar sem þeir séu ekki bærir til að gera breytingar á launa- og starfskjörum lögreglumanna, svo að skuldbindandi sé fyrir þau stjórnvöld, sem að lögum setji menn í störf og setja reglur um kaup þeirra og kjör.

Umboðsmenn aðilja hafa lagt fram nokkur skjöl máli sínu til stuðnings, og skulu þau rakin eftir því, sem ástæða þykir til.

Í 5. gr. launasamþykktar Akureyrar frá 3. júlí 1956, sbr. dskj. nr. 5, segir m. a., að yfirlögregluþjónn, varðstjóri, lögregluþjónar hafi sama kaup og kjör sem þeir hafa nú, en breytist á hverjum tíma í samræmi við kaup og kjör starfsbræðra þeirra. sem taka laun sín hjá Reykjavíkurbæ.

Í 8. gr. sömu samþykktar segir, að haga skuli vinnu starfsmanna í hverjum flokki sem næst því, sem verið hefur hin síðustu ár. Fyrir vinnu, sem unnin er utan venjulegs vinnutíma, skal veita frí í vinnutíma, ef því verður við komið, ella greiða samkvæmt kauptaxta í hverri starfsgrein.

Í reglugerð um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkur-bæjar, samþykktri 6. desember 1956 og 7. febrúar 1957 segir í 1. gr. 3. tl., að vikulegur vinnutími lögregluþjóna í Reykjavík

skuli vera 48 klst. Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1956, sbr. dskj. nr. 14.

Skal nú athugað, hvort þessu ákvæði framangreindrar reglugerðar Reykjavíkurbæjar hafi verið breytt þannig, að skuldbindandi sé fyrir stefndu í máli þessu.

Á fylgiblaði með dskj. nr. 5 segir lögreglustjórinn í Reykjavík í bréfi til bæjarfógetans á Akureyri, að „vikulegur vinnutími lögregluþjóna hér við embætti skuli vera 48 klst. Unnið sé í 3 vöktum á sólarhring frá kl. 6 til 12.30, frá 12.30 til 20 og frá kl. 20 til 6. Þó er varðstjórum heimilt að gefa tilteknum fjölda lögregluþjóna frí síðari hluta næturvaktar, þegar talið er, að löggæzlan í bænum rýrist eigi um of við það, enda haldist vinnuskylda lögregluþjóna hin sama og áður, ef á þarf að halda. Er venja, að lögregluþjónar á næturvakt hætti störfum kl. 3 aðra hverja nótt til skiptis og lögregluþjónar á morgunvakt hætti annan hvern dag kl. 7, þannig að hálf vaktin er að störfum síðari hluta nætur, frá kl. 3 til 6, og hálf morgunvaktin frá kl. 6 til kl. 7. Er skipt um vaktir hálfsmánaðarlega. Þá eru nokkrir lögregluþjónar á fastri dagvakt.“

Á dskj. nr. 6 kemur bæjarfógetinn á Akureyri á framfæri við bæjarráð Akureyrar þeirri málaleitun lögregluþjónanna á Akureyri, að vinnutími þeirra verði stytur sem svarar til 4 klst. á viku, en tekur jafnframt fram, að hann sjái enga möguleika á að framkvæma þessa styttingu, nema bætt sé við mannafla í þessu skyni, en það láti nærri, að þetta svari til starfs eins manns. Á dskj. nr. 8 segir m. a. „Bæjarráð (Akureyrar) telur það framkvæmdaratriði og hefur ekkert við það að athuga, ef löggæzla bæjarins rýrist ekki við það og það hefur ekki í för með sér aukakostnað, að tilteknum fjölda lögregluþjóna sé gefið frí seinni hluta næturvaktar, enda haldist vinnuskylda lögregluþjóna sú sama og áður, ef á þarf að halda. Framangreind afstaða bæjarráðs er byggð á upplýsingum lögreglustjórans í Reykjavík um vinnutíma og vinnuskyldur lögregluþjóna þar.“

Í bréfi bæjarfógetans á Akureyri, dskj. nr. 9, er tekið fram, að ekki sé unnt að uppfylla skilyrði bæjarráðs fyrir styttingu vinnutímans, þar sem einungis tveir menn séu á verði seinni hluta nætur, og augljóst sé, að þeim verði ekki, öðrum eða báðum, gefið frí án þess að rýra löggæzluna, nema því aðeins að fjölgað verði a.m.k. um einn löggæzlumann.

Í bréfi lögreflufélags Reykjavíkur, dskj. nr. 11, segir svo m. a.:

„Samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins frá 1948 var lögreglustjóra veitt heimild til að gefa tilteknum fjölda lögreglumanna frí á síðari hluta næturvaktar, þegar hann telur löggæzluna í bænum ekki rýrna um of við það. Var bréfið lagt fyrir bæjarráð og fékk þar samþykki. Varð svo samkomulag milli Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra og Lögreglufélagsins, að fyrst um sinn yrði gefið frí frá kl. 03 aðra hverja nótt vissri tölu vakt-hafandi lögreglumanna og að viss tala lögreglumanna þyrfti ekki að mæta á morgunvakt fyrr en kl. 07 í stað 06. Hefur þetta haldizt síðan. Áskilið var, að ef viðkomandi lögreglumenn gætu ekki fengið umrætt frí sökum anna, komi ekki kaupgreiðsla í staðinn.

Þá sjaldan það hefur komið fyrir, að þessi frí hafi þurft að fella niður, hefur það verið látið óátalið, að varðstjórarnir gæfu viðkomandi jafnlangt frí í staðinn við hentugt tækifæri.

Vinnutími lögreglumanna í Reykjavík er nú 44 klst. — —“
Að áliti réttarins veltur úrlausn á 1. lið kröfu stefnanda á því, hvort vinnuvika lögregluþjóna í Reykjavík sé 48 klst. eða 44 klst.

Samkvæmt dskj. nr. 17 er stefnandi þessa máls ráðinn lögregluþjónn á Akureyri hinn 2. marz 1950. Þá er vinnuvika lögregluþjóna á Akureyri 48 klst. Hinn 3. júlí 1956 er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar launasamþykkt fyrir fasta starfsmenn Akureyrar og þar segir í 8. gr., eins og áður er rakið, að vinnutíma starfsmanna í hverjum flokki skuli hagað sem næst því, er verið hefur hin síðustu ár. Varð hún því áfram 48 klst. á viku hjá lögregluþjónum. Þar að auki segir í 5. gr. samþykktarinnar, að kaup og kjör lögregluþjóna skuli vera, eins og þau eru nú, en breytast á hverjum tíma í samræmi við kaup og kjör starfsbræðra þeirra í Reykjavík, sbr. dskj. nr. 13.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 22 frá 1883 um bæjarstjórn á Akureyri setur bæjarstjórnin lögregluþjóna eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna. Og í samþykkt um stjórn bæjarmála í Akureyrarkaupstað nr. 88 frá 1946, 2. gr. 3. tl., er mælt svo fyrir, að bæjarstjórn ákveði laun fastra starfsmanna bæjarins.

Samskonar ákvæði er að finna um borgarstjórn Reykjavíkur í tilskipun frá 20. apríl 1872, 17. gr., sbr. 31. gr.

Með tilvísun til þessa er ljóst, að kaup og kjör stefnanda og annarra bæjarlögregluþjóna á Akureyri og í Reykjavík lúta reglum opinbers réttar. Verður dómari að fallast á það með stefnda, bæjarsjóði Akureyrar, að kjörum, sem ákveðin eru í

opinberum launasamþykktum, settum af réttum stjórnvöldum sveitarfélaga, verði ekki breytt að lögum af öðrum en því stjórnvaldi, sem þau mál bera undir að lögum. Í þessu tilfalli bæjarstjórnnum Akureyrar og Reykjavíkur.

Eins og áður greinir, segir í reglugerð um starfskjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar, 1. gr. 3. tl., að vikulegur vinnutími lögregluþjóna í Reykjavík sé 48 klst. Sama skoðun kemur fram hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, sbr. dskj. nr. 5, sem rakið var hér að framan.

Dómarinn lítur svo á, að heimild sú, sem Dómsmálaráðuneytið veitti lögreglustjóranum í Reykjavík til að gefa tilteknunum fjölda lögregluþjóna frí á næturvakt og morgunvakt, sbr. dskj. nr. 5 og 10, sé ekki kjarabreyting í merkingu 5. gr. launasamþykktar fyrir fasta starfsmenn Akureyrarbæjar, enda segir berum orðum á dskj. nr. 5, að vinnuskyldan, þ. e. 48 klst., haldist óbreytt, ef á þarf að halda. Og samkvæmt dskj. nr. 11 var beinlínis áskilið, að væri ekki hægt að gefa frí vegna anna, skuli engin kaupgreiðsla koma í staðinn. Verður að teljast ólíklegt, að um þetta atriði hefði verið samið, ef lögregluþjónar hefðu átt að fá vinnutímann styttnan í 44 klst., þar sem hægt væri þá að láta þá vinna kauplaust 4 klst. á viku.

Bæjarstjórn Reykjavíkur virðist heldur ekki hafa skoðað þessa heimild sem kjarabreytingu, því að áðurnefnd reglugerð um kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar er samþykkt af bæjarstjórn 6. desember 1956 og 7. febrúar 1957 og mælir fyrir um 48 klst. vinnuviku, þrátt fyrir að umrædd vaktafrí virðist hafa tíðkæzt frá árinu 1948.

Dómarinn álitur, að ákvæði 5. gr. launasamþykktar fyrir fasta starfsmenn Akureyrarbæjar um, að lögregluþjónar skuli hafa sama kaup og kjör sem starfsbræður þeirra, sem taka laun sín hjá Reykjavíkurbæ, vísi til kaups og kjara, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið og birt hafa verið í þar til gerðum samþykktum.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, telur dómarinn, að vinnutími lögregluþjóna í Reykjavík sé 48 klst. á viku.

Samkvæmt því verður talið, að stefnandi eigi ekki rétt á, að vinnuvika hans verði stytt í 44 klst., og verður því að sýkna stefnda af þeirri kröfu hans.

Dómarinn telur, að úrlausn á kröfu stefnanda undir liðum 2 og 3 í stefnu velti á úrslitum 1. liðs kröfunnar, þar sem hann getur hvorki átt rétt til kaups fyrir yfirvinnu samkvæmt 2.

lið eða frís fyrir yfirvinnu samkvæmt 3. lið, ef kröfu hans um 44 klst. vinnuviku er hafnað.

Verður því að sýkna stefnda, bæjarsjóð Akueyrar, af 2. lið kröfunnar og báða hina stefndu af 3. lið kröfunnar.

Umboðsmaður stefnanda upplýsti í munnlegum flutningi málsins, að ekki væri gerð krafa um, að vaktaskipun yrði hin sama á Akureyri og í Reykjavík.

Jafnframt var upplýst, að mál þetta væri prófmál af hálfu lögregluþjónanna á Akureyri, þannig að mun meiri hagsmunir væru hér á bak við en fram kæmi í máli þessu.

Með tilliti til niðurstöðu dómsins þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda, bæjarsjóði Akueyrar, málskostnað, sem telst hæfilega metinn kr. 3.000.00. Málskostnaður gagnvart stefnda, bæjarfógetanum á Akureyri, fellur niður.

Ragnar Steinbergsson hdl., setudómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, bæjarsjóður Akueyrar og bæjarfógetinn á Akureyri, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður gagnvart stefnda, bæjarfógetanum á Akureyri, fellur niður, en stefnandi greiði stefnda, bæjarsjóði Akueyrar, kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.